

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur (MOF) f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Harbinger/Easyweb Ísland ehf, kt. 501201-2780, Freyjugötu 18, 101 RVK, gera með sér svofelldan:

SAMNING

Um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Harbinger á tímabilinu 1.1.2019 – 31.12.2020

1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Harbinger er að styðja við myndlistarlíf í Reykjavíkurborg og efla vitund almennings um íslenska samtímalist með því að styðja við rekstur á Harbinger sýningarrými og starsemi á þess vegum.

Menningar- og ferðamálasvið
Reykjavíkurborgar

20 FEB. 2019

Málsnr.: RMF 18120003

Skjalaflokkur: 3.1.3.

2. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur MOF Harbinger til í beinum fjárfamlögum kr.:

kr. 1.000.000 árið 2019

kr. 1.000.000 árið 2020

Árin 2019 og 2020 greiðist upphæðin í einni greiðslu þ. 1.-3. mars.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0101-26-022770, kt. 501201-2780

3. gr. Framlag og markmið Harbinger

Markmiðin með starfsemi Harbinger er að viðhalda fjölbreytni í sýningarflóru borgarinnar og veita ákveðið mótvægi við listastofnanir, en aðstandendur Harbinger telja afar mikilvægt að myndlist fái einnig að dafna á sjálfsprottinn og óstofnanavæddan máta.

Markmið Harbinger eru einnig að vinna gegn lagskiptingu myndlistarsamfélagsins og þannig hefur Harbinger frá upphafi boðið ólíkum listamönnum til sýningarhalds, ungum jafnt sem öldnum, til þess að leggja áherslu það sem sameinar og undirstrika það að öll erum við samstarfsmenn og samtíمامenn þvert á kynslóðir. Harbinger sýnir eingöngu samtímalist og leggur upp með að velja sýningar sem eiga erindi við samfélagið.

Fyrri hluta ársins 2019 stendur yfir sýningadagskráin „Vera“ sem er skipulögð af Kristínu Helgu Ríkarharðsdóttur, Rúnari Erni Marínóssyni, Unu Björgu Magnúsdóttur og Veigari Ölni Gunnarssyni. Síðari hluti ársins 2019 veðrur skiplagður af Steinunni Önnudóttur og Höllu Hannesdóttur. Sýningardagskrá 2020 verður kynnt síðar.

Harbinger hefur starfað samfleytt frá því í júní 2014 og á því tímabili staðið að yfir 50 sýningum og sjálfstæðum viðburðum.

4. gr. Ábyrgð

Harbinger ber ábyrgð á að starfsemi hátiðarinnar fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Harbinger ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Harbinger er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Harbinger, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að Harbinger sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir Harbinger auðkennismerki Reykjavíkurborgar í því skyni. Hægt er að nálgast merki borgarinnar á www.reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur. Tengja má ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar www.visitreykjavik.is við vefi Harbinger til að kynna Reykjavík sem best sem menningarlegan áfangastað.

6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofustjóri menningarmála á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Harbinger. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í mars 2020 og 2021, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og mat lagt á síðasta starfsár.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telur Harbinger hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til Harbinger hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

8. gr. Gildistími


Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþróttu og tómstundaráðs þann 10. desember 2018 um styrki og samstarfssamninga ráðsins. Samningurinn gildir til 31. desember 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóma eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar-, íþróttu og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 20. febrúar 2019

F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. Harbinger/Easyweb Ísland ehf

